

Minningarsjóður Magnúsar Einars Finnssonar

Sjóðurinn starfar með því skipulagi og markmiðum sem segir í reglum þessum.

Nafn og heimili

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Magnúsar Einars Finnssonar. Heimili sjóðsins er hjá formanni sjóðsins.

Tilgangur sjóðsins

Tilgangur sjóðsins er að styrkja félagsmenn í Skautafélagi Akureyrar (SA) til frekari afreka í þeim íþróttagreinum sem stundaðar eru á vegum félagsins, ferðalaga, náms vegna þeirra sem og annarra verkefna sem eru félaginu til góða.

Aðild

Aðild að sjóðnum eiga allir félagsmenn sem og þeir sem vinna fyrir félagið.

Stjórn sjóðsins og hlutverk hennar

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur fulltrúum og tveimur varamönnum. Stjórn sjóðsins hefur á hendi alla framkvæmd styrkveitinga og reikningshald sjóðsins. Hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Fjármálastjóri SA hefur umsjón með fjársýslu sjóðsins og tryggja skal að sjóðurinn sé ekki notaður í rekstur félagsins. Stjórn sjóðsins skal halda aðalfund fyrir 1. maí ár hvert þar sem birt skal skýrsla stjórnar og reikninga auk þess sem kosið skal í stjórn fyrir sjóðinn. Rétt til setu á aðalfundi auk stjórnar hafa fjölskyldumeðlimir Magnúsar Einars Finnssonar, formaður SA og aðrir formenn deilda SA.

Tekjur sjóðsins

Í skipulagsskrá sjóðsins kemur fram að stofnfé sjóðsins sé kr. 1.000.000. Sjóðurinn veitir móttöku gjöfum frá félagsmönnum og öðrum sem vilja styrkja sjóðinn. Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól. Ef innistæða sjóðsins fer undir 35.000 krónur er hætt að úthluta úr sjóðnum þar til innistæða hans nær 200.000 krónum.

Úthlutunarreglur

Félagsmenn í SA geta sótt um styrk til sjóðsins vegna náms, ferðalaga og annarra verkefna sem teljast til góðs fyrir félagið. Þeir sem æskja styrks úr sjóðnum skulu senda stjórn sjóðsins umsókn með þeim upplýsingum sem stjórn sjóðsins telur nauðsynlegar á þar til gerðu eyðublaði.

Sjóðurinn styrkir ekki ferðir félagsmanna í landsliðsferðum nema ef leikmaður spilar með öllum landsliðum, þ.e. undir 18 ára, undir 20 ára og senior. Á grundvelli veittra upplýsinga tekur sjóðsstjórn ákvörðun um hvort og hve háan styrk viðkomandi umsækjandi fær.

Styrkjum er úthlutað einu sinni á ári og er umsóknarfrestur 15. janúar á hverju ári, en þá skal úthlutað til málefna sem komið hafa til fyrir áramót (fyrri hluta tímabils) eða munu koma til á seinni hluta tímabils.

Sá sem hlýtur styrk skal í lok verkefnis skila til sjóðsstjórnar samantekt og afriti af afurð verkefnisins og lýsingu á hvernig til hefur tekist með verkið.

Umsóknir

Umsóknareyðublað skal berast rafrænt á netfangið mef@sasport.is fyrir miðnætti þann 15. janúar. Sé þörf á frekari fylgigögnum mun stjórn óska eftir þeim. Umsækjendum er bent á að vönduð umsókn eykur líkur á styrkveitingu. Öllum umsækjendum er svarað skriflega.

Afhending styrkja

Styrkþega er tilkynnt um styrkveitinguna skriflega og afhend formlega á Minningarmóti Magnúsar E. Finnssonar. Afgreiðsla styrkja úr sjóðnum skal háð samþykki allra stjórnarmanna. Þegar veittir eru hærri styrkir en 300.000 kr. er stjórn heimilt að skipta greiðslum til styrkþega eftir því sem verkefninu vindur fram.

Endurgreiðsla

Verði ekkert úr ferðalaginu, náminu eða verkefninu og þar með forsendum styrkveitingarinnar, skal styrkþegi gera stjórn sjóðsins grein fyrir ástæðum þess og endurgreiða þann hluta styrksins sem ekki hefur verið notaður.

Ef fram koma annmarkar á reglum Minningarsjóðs Magnúsar Einars Finnssonar er stjórn heimilt að lagfæra þá og skulu breytingar kynntar á aðalfundi. Meiriháttar breytingar skulu samþykktar á aðalfundi.

Ef sjóðurinn hættir starfsemi af einhverjum sökum eða aðalfundur tekur ákvörðun um að loka sjóðnum skal fé það sem þá kann að vera í sjóðnum renna til barnastarfs Skautafélags Akureyrar.

Stjórn

Andri Freyr Magnússon formaður
Halldóra Ósk Arnórsdóttir
Sigurgeir Haraldsson

Varamenn

Arnaldur Birgir Magnússon
Sigurður Sveinn Sigurðsson